



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM UPPLÝSINGASKYLDU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM UPPLÝSINGASKYLDU FJÁRMÁLA-
FYRIRTÆKJA

2021 nr. 21

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 30. nóvember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að veita upplýsingar um áhættuþætti, áhættustýringu og eiginfjárstöðu fyrirtækisins, sbr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og VIII. hluta reglugerðar um varfærnisröfufur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr. *Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja.*

Fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingar með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2021/637, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 frá 15. mars 2021 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga sem um getur í II. og III. bálk í 8. hluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1423/2013, framselda reglugerð (ESB) 2015/1555, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/200 og framselda reglugerð (ESB) 2017/2295.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1018 frá 22. júní 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu vísa sem notaðir eru til að tilgreina kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu og sem fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1030/2014.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 og 2021/1018 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R0637>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 136, þann 21. apríl 2021, bls. 1-327;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R1018>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 224, þann 24. júní 2021, bls. 6-8.

4. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í b-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1085/2021 um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.